



488. Stjórnarfundur haldinn 18. maí. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) Birgir Ingibergsson (BI) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).
Fjarverandi: Sveinn Adolfsson (SA) og Birgir Már Bragason (BMB)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá Sabínu Steinunni Halldórsdóttur landsfulltrúa UMFÍ v/Hreyfiviku UMFÍ. **Móttekið.**
Tölvupóstur frá Sveini Björnssyni eftirlitsmanni fasteigna Reykjanesbæjar v/leka á þaki félagsheimilis Keflavíkur og skemmdum í veggjum. Farið verður í viðgerðir. Saga þarf upp veggi á skrifstofum og sölum. **Móttekið.**

Fréttabréf UMFÍ í tölvupósti. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á deildir v/hreyfiviku UMFÍ.

Fréttabréf UMFÍ sent á deildir.

Fyrirspurn send á Mílu varðandi kostnað á að koma inn ljósleiðara/ljósneti í félagsheimilið.

4. Vorfundur UMFÍ.

Vorfundur UMFÍ verður haldinn laugardaginn 20. maí á Hvolsvelli. EH mætir.

5. Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ 29. maí – 4. júní. Taekwondo- og fimleikadeilurnar hafa ákveðið að taka þátt og hefur EH skráð viðburðina inn á viðburðasíðu verkefnisins. Knattspyrnudeild ætlar einnig að vera með, en körfuknattleiksdeild verður ekki með, þar sem þeir eru í frí þessa viku.

6. Starfsskýrslur ÍSÍ / Felix.

Námskeið í Felix var haldið 9. maí. Búið er að hluta-til að skila inn starfsskýrslu (samstæðureikningi og lögum félagsins). Eftir er að skila inn félagatalinu. Felix félagakerfið er ekki að virka sem skyldi. Aðgangur deilda hefur ekki verið í lagi. Verið er að vinna í þessu máli.

7. Þing ÍRB

Boðað hefur verið til ársþings ÍRB 22. maí í Íþróttakademíunni. Keflavík á 10 aðalfulltrúa og 10 varafulltrúa. Kjörbréf liggur fyrir ásamt lagabreytingum. Þingfulltrúar Keflavíkur verða aðalstjórn félagsins að undanskildum SV sem er erlendis. Ákveðið að bjóða formönnum ÍRB og sundráðs ÍRB ásamt formönnum stærstu deilda félagsins.

8. Önnur mál.

EH og KG mættu á 73. þing ÍSÍ. EH lagði fram tillögu svo hljóðandi „**að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að hafa forystu um að koma á samstarfi við ríkisvaldið um að landliðskostnaður einstaklinga verði greiddur af hálfu íslenska ríkisins.**“ Tillagan var felld eftir nokkrar umræður.

EH sagði frá því að búið væri að skipta úr ADSL yfir í VDSL fyrir skrifstofur og félagsheimili. VDSL er ljósnet og því er hraðinn á nettengingu orðin mun betri.

EH, KG og PMK munu hitta bæjarráð Reykjanesbæjar væntanlega í júní byrjun og kynna fyrir þeim félagið og óska eftir 1 ½ stöðugildi inn til félagsins. EH fór yfir kynninguna og bréfið til bæjarstjórnar.

EH er að vinna í því að setja upp nýtt hljóðkerfi í sal 1 og 2. ásamt því að tengja saman skjávarpana.

Næsti fundur verður boðaður.

Fundi slitið 19:15 Fundinn ritaði BS.

